

Búðasandur

Hvern skyldi gruna, sem ekur meðfram Laxárvogi í Kjós að á Hálsnesi norðan vogsins hefði eitt sinn verið stærsti kaupstaður landsins? Eða svo telja menn nú, þar til annað réttara kemur í ljós.

Álitið er að sigling hafskipa í Hvalfjörð hafi aukist mjög á síðari hluta 14. aldar og þar hafi aðalhöfn landsins verið í lok hennar. Heimildir greina frá því, að þar hafi oft verið mörg skip samtímis og ýmsir kaupsamningar, sem dagsettir eru í Hvalfirði, eru til frá þessum tímum. Höfn þar virðist hafa legið vel við, hvað varðar samgöngur, við marga helstu staði landsins s.s. Þingvelli, Skáholt og Viðey, en þar var um þær mundir eitt auðugasta klaustur Íslands.

Á þessum tímum voru hafskipin lítil og grunnskeið svo auðvelt var að draga þau á land og búa þar um þau fyrir veturinn.

Fremst á Hálsnesi standa höfðar við fjörumörk. Milli þeirra er allhár sjávarkambur er nefnist Búðasandur. Þar er einnig örnefnið Maríuhöfn. Innan við kambinn er grunnt lón og fellur smálækur úr því til sjávar. Á flóði gengur sjór upp í lónið. Innan við það markar fyrir allmiklum tóttum, sem flestir telja öruggt að séu rústir fornra búða. Höfnin við Hvalfjörð þótti örugg og góð og þegar menn íhuga allar staðreyndir virðast öll rök hníga í þá átt, að hinn forni verslunarstaður hafi einmitt verið höfnin við Búðasand, sem kennd er við hina heilögu Maríu.

Litlar rannsóknir hafa enn farið fram á þessum tóttum eða umhverfi þeirra aðrar en þær, sem dr.Björn Þorsteinsson sagnfræðingur hefur unnið að, en í rit hans er þessi vitneskja sótt að mestu. En allt bíður síns tíma.

Gangi maður niður á Búðasand og virði staðinn fyrir sér eins og hann lítur út nú, koma ótal spurningar upp í hugann. Svör við þeim liggja ekki á lausu. En fróðlegt verður að sjá hvað kemur í ljós, þegar hafist hverður handa um ferekari rannsóknir á þessu svæði.

(Mbl. 30. ágúst 1981)